

Handwritten initials and date: "Gu. 3/10"

**56. fundur haldin í sveitarstjórn Langanesbyggðar þriðjudaginn 15 desember í félagsheimilinu Þórshöfn kl:17:00 og 17. desember 2009 kl. 12:00 á skrifstofu sveitarfélagsins**

Mætt voru: Siggeir Stefánsson oddviti, Sigurður Ragnar Kristinsson, Þórir Jónsson, Sigurborg Hulda Sigurðardóttir, Hilma Steinarsdóttir, Jóhanna Helgadóttir, Gunnólfur Lárusson og Björn Guðmundur Björnsson sem ritaði fundagerð á tölvu.

Handwritten note: "Jannas"

Oddviti bauð fundamenn velkomna, spurði hvort að einhverjar athugasemdir væru gerðar við fundaboðun.

Engar athugasemdir voru gerðar við fundaboðun. Oddviti óskaði eftir því að þá að setja á dagskrá undir lið 3 skýrsla sveitarstjóra og færa fjárhagsáætlun undir lið 4. samþykkt samhljóða

**DAGSKRÁ:**

**1. Fundagerð nefnda og ráða**

- a. Fundagerð Sveitarstjórnar dags. 26.11.2009  
*Lögð fram til kynningar.*
- b. Fundagerð Drekasvæðis ehf. dags. 25.11.09  
*Lögð fram til kynningar*
- c. Fundagerð Drekasvæðis ehf. dags. 30.11.09  
*Lögð fram til kynningar*
- d. Fundagerð Héraðsnefndar Þingeyinga dags.18.11.09  
*Lögð fram til kynningar*
- e. Fundagerð nefndar á vegum Héraðsnefndar Þingeyinga dags.26.11.09  
*Lögð fram til kynningar*

**2. Innsend erindi.**

- a. Tilkygning til sveitarstjórnar frá Eyþingi dags 25.11.09  
*Lagt fram til kynningar.*
- b. Erindi frá Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga dags.24.11.09  
*Í erindi frá AP er óska eftir því að Langanesbyggð verði áfram í samstarfi með AP árið 2010 samkvæmt samstarfssamning sem gerður var 2003 og er áætlaður kostnaður kr. 660.609 eða 1.293 kr.per. íbúa  
*Samþykkt samhljóða að halda áfram samstarfinu.**
- c. Bréf frá Sambandi Íslenskra Sveitarfélag dags 30.11.09  
*Lagt fram til kynningar.*

**3. Skýrsla sveitarstjóra.**

*Sveitarstjóri flutti skýrslu sína og svaraði fyrirspurnum fundarmanna.  
Sveitarstjóra falið að kanna hagkvæmni á lagningu hitaveitu frá Kópaskeri til Þórshafnar.  
Samþykkt samhljóða.*

Handwritten signature: "J. Ray"

- a. *Tillaga sveitarstjóra að útsvarsprósenta fyrir árið 2010 verði óbreytt 13,28%*  
**Samþykkt samhljóða**

Fundi frestað til fimmtudagsins 17. desember kl:12:00  
Fundi slitið kl: 20:37

Framhald fundar 15. desember, fimmtudaginn 17. desember kl:12:00 Mættir voru Siggeir Stefánsson oddviti, Nanna Steina Höskuldardóttir, Sigurborg Hulda Sigurðardóttir, Hilma Steinarsdóttir, Sigurður Ragnar Kristinsson, Jóhanna Helgadóttir, Þórir Jónsson í síma, Gunnólfur Lárusson sveitarstjóri og Björn Guðmundur Björnsson sem ritaði fundargerð

#### 4. Fjárhagsáætlun Langanesbyggðar 2010 seinni umræða

b. **Helstu forsendur:**

*Fjárhagsáætlun 2010 byggir á endurskoðaðri áætlun ársins 2009 sem hefur verið leiðrétt að raunkostnaði ársins 2009. Gert er ráð fyrir að skatttekjur verði 259,5 millj. kr. og hækki um 2,6% á milli ára þrátt fyrir að tekjur frá jöfnunarsjóði dragist saman um 20%. Gert er ráð fyrir því að 8. Bekk Bakkafirði. Ákveðið að fasteignaskattur A fari úr 0,36% í 0,5%, holræsagjald fari úr 0,15% í 0,20% og að tekjur af sorphirðu og eyðingu hækki um 57% ,en það kemur til vegna nýs gámasvæðis og fyrirhugaðra breytingu á sorphirðu. Standa á vörð um velferðakerfið og vernda störf. Leitað verður allra leiða til að hagræða í rekstri sveitarfélagsins.*

**Samþykkt samhljóða**

c. **Helstu rekstrarniðurstöður.**

*Samkvæmt fjárhagsáætlun 2010 eru útsvar og skatttekjur og fasteignaskattar sveitarfélagsins áætlaðar 183,3 milljónir kr., framlög úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga 101,5 millj. kr. og aðrar tekjur 259,5 millj. kr. Samtals eru tekjur áætlaðar 544,3 millj. kr. sem gerir rúma 1 millj. kr. á íbúa. Gert er ráð fyrir að laun og launatengd gjöld sveitarfélagsins og stofnana þess verði 282 millj. kr. eða sem svarar 52% af heildartekjum. Annar rekstrarkostnaður er áætlaður 206,5 millj. kr. afskriftir 43 millj. kr. og fjármagnsgjöld 41,5 millj. kr. Rekstrarniðurstaða A og B hluta verður fyrir afskriftir og fjármagnsgjöld jákvæð um 57,1 millj. kr. Gert er ráð fyrir að veltufé frá rekstri verði jákvætt um 32,4 millj. kr. sem er 5,8% af heildartekjum. Handbært fé í árslok er áætlað 14,3 millj. kr. Í fjárhagsáætluninni er áætlað til fjárfestinga og viðhalds 50 millj. kr. þar af 17,5 millj. kr. til að klára höfnina - 7 millj. kr. til að klára gatnagerð. Ekki er gert ráð fyrir nýjum lántökum árið 2010.*

**Fjárhagsáætlun 2010 seinni umræða samþykkt samhljóða**

**Fundargerð lesin upp og samþykkt samhljóð**

**Fundi slitið kl:12:45**

111

*Siggeir Stefánsson*  
*Jóhanna Helgadóttir*  
*Samþykkt*

*Sigurborg Hulda Sigurðardóttir*  
*Hilma Steinarsdóttir*  
*Stúludal segundard.*  
*Nanna Höskuldardóttir*

**Aukafundur haldin í sveitarstjórn Langanesbyggðar miðvikudaginn 9. desember 2009 kl. 12:00 á skrifstofu sveitarfélagsins Þórshöfn**

Mætt voru: Siggeir Stefánsson oddviti, Sigurborg Hulda Sigurðardóttir, Hilma Steinarsdóttir, Eyþór Jónsson, Þórir Jónsson og Björn Guðmundur Björnsson sem ritaði fundargerð á tölvu.

Oddviti bauð fundamenn velkomna, spurði hvort að einhverjar athugasemdir væru gerðar við fundaboðun.

Engar athugasemdir voru gerðar við fundaboðun.

**DAGSKRÁ:**

**1. Hugmyndir varðandi tilboð í rekstur og eignir þrotabús Festar ehf**


Siggeir segir sig frá málinu atvinnu sinnar vegna og vék að fundi.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar telur málið mjög áhugavert og hefur áhuga á að skoða málið til hlítar og þar með að taka þátt í óskuldbindandi tilboði með þar til gerðum aðilum. Sveitarstjóra falið að vinna áfram að málinu.

Samþykkt samhljóða

Fundargerð lesin upp og samþykkt samhljóða

Fundi slitið kl: 12:42

  
Hilma Steinarsdóttir  
Eyþór Jónsson  
Hulda Sigurðardóttir